

<b>Starfsheiti:</b>	Íþrótt- og tómstundafulltrúi og verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags
<b>Starfsnúmer</b>	3460.97
<b>Næsti yfirmaður:</b>	Sveitarstjóri – sveitarstjórar samstarfssveitarfélaganna
<b>Staðgengill:</b>	Enginn
<b>Undirmenn:</b>	Á ekki við
<b>Vinnustaður:</b>	Skrifstofur sveitarfélaganna Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps og vinna utan skrifstofanna. Starfshlutföll skiptast þannig að 25% eru vegna vinnu fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og 37,5% fyrir Hrunamannahrepp og Bláskógabyggð, hvort um sig. Ráðningarsamningur er gerður við Bláskógabyggð.
<b>Ábyrgð:</b>	Sinnir verkefnastjórn vegna verkefnisins Heilsueflandi samfélag fyrir Bláskógabyggð, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp, auk þess að hafa yfirumsjón með íþrótt- og tómstundamálum.
<b>Formleg menntun og starfsreynsla</b>	Formleg menntun: <ul style="list-style-type: none"> <li>Háskólamenntun sem nýtist í starfi á sviði heilsufræði, eflingar lýðheilsu eða annarra tengdra greina</li> </ul> Starfsreynsla: <ul style="list-style-type: none"> <li>Reynsla af verkefnastjórn</li> <li>Reynsla af heilsueflandi verkefnum á vettvangi</li> </ul>
<b>Hæfniskröfur:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Menntun á sviði heilsueflandi aðgerða</li> <li>Áhugi á þróun heilsueflingar á víðum grunni</li> <li>Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í samstarfi.</li> <li>Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.</li> <li>Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.</li> <li>Lausnamiðuð nálgun.</li> <li>Vilji til að takast á við breytingar.</li> <li>Verkleg reynsla og geta sem nýtist í útivinnu og við úttektir á heilsueflandi verkefnum</li> <li>Reynsla og þekking á stjórnarsýslu sveitarfélaga</li> <li>Reynsla af teymisvinnu</li> <li>Þekking á skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi</li> <li>Staðarþekking í sveitarfélögunum</li> <li>Góð íslenskukunnátta</li> <li>Góð tölvukunnátta</li> </ul>

<b>Meginverksvið:</b>	<p>Helstu verkefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Yfirumsjón með íþrótt- og tómstundamálum í hverju sveitarfélagi fyrir sig og samræming í samstarfi við stofnanir þeirra og félög sem starfa á þessu sviði.</li> <li>• Tengiliður við félög innan sveitarfélaganna, svo sem ungmenna- og íþróttafélög, félög eldri borgara og gönguhópa</li> <li>• Stuðningur og ráðgjöf við félög sem hafa með höndum skipulagt íþrótt- og tómstundastarf, svo sem hvað varðar stefnumótun, skipulag og framboð á slíku starfi.</li> <li>• Verkefnastjórn vegna heilsueflandi samfélaga</li> <li>• Ráðgjöf og upplýsingamiðlun til sveitarfélaganna, stofnana þeirra og félagasamtaka sem þau eru í samstarfi við</li> <li>• Umsjón með stefnumótun á sviði heilsueflingar og eftirfylgni</li> <li>• Tengiliður við Landlæknisembættið vegna samninga um heilsueflandi samfélög</li> <li>• Vinna með stýrihópum sveitarfélaganna um heilsueflingu og tengiliður við nefndir sveitarfélaganna sem fara með íþrótt- og tómstundamál.</li> <li>• Tillögugerð um heilsueflandi aðgerðir/verkefni í hverju sveitarfélagi, kostnaðarmat og utanumhald um kostnað</li> <li>• Aðkoma að fjárhagsáætlanagerð og eftirfylgni vegna þeirra verkefna sem undir hann heyrja</li> <li>• Samhæfing og samræming aðgerða „Heilsueflandi uppsveitir“</li> <li>• Stýring einstakra heilsueflandi verkefna. Samstarf við áhaldahús/framkvæmdasvið sveitarfélaga um útfærslu og verklegar framkvæmdir og aðkoma að slíku</li> <li>• Tengiliður félaga sem hafa með höndum skipulag íþróttastarf við forstöðumenn íþróttamannvirkja vegna stundataflna íþróttamannvirkja.</li> <li>• Ábyrgð á vinnuskóla</li> <li>• Vinnur með sveitarstjórum sveitarfélaganna þriggja</li> <li>• Samskipti við aðra stjórnendur sveitarfélaganna</li> </ul>
<b>Trúnaður:</b>	Starfsmaður er bundinn þagnarskyldu um allt það sem hann verður áskynja um í starfi og leynt ber að fara með. Slík þagnarskylda gildir áfram eftir að starfsmaður lætur af störfum hjá stofnuninni.
<b>Almennt:</b>	Starfsmanni ber að gæta hagsmuna sveitarfélaganna í hvívetna og vinna starf sitt af alúð og samviskusemi. Krafist er reglusemi og góðrar ástundunar.
<b>Önnur störf:</b>	Ofangreindri lýsingu á verksviði er ekki ætlað að vera tæmandi. Starfsmanni ber að sinna þeim störfum sem yfirmaður hans felur honum í þágu sveitarfélaganna. Misjafnt getur verið milli sveitarfélaganna á hvaða verkefni er lögð mest áhersla hverju sinni.